



Lúxemborg, 25. nóvember 2014

FRÉTTATILKYNNING 16/2014

Úrskurður í máli E-4/13 *Schenker North AB, Schenker Privpak AB og Schenker Privpak AS* gegn *ESA*

DÓMSTÓLLINN VÍSAR FRÁ MÁLI UM AÐGANG AÐ GÖGNUM

Í úrskurði sem kveðinn var upp í dag vísaði EFTA-dómstóllinn frá máli sem *Schenker North AB, Schenker Privpak AB og Schenker Privpak AS* („DB Schenker”) höfðu gegn Eftirlitsstofnun EFTA („ESA”) um aðgang að gögnum.

Í þessu máli kröfðust félög DB Schenker ógildingar á ákvörðun ESA frá 7. febrúar 2013 um að synja þeim um aðgang að gögnum stofnunarinnar vegna athugunar í máli nr. 34250 (Norway Post / Privpak). Félög DB Schenker töldu sig eiga rétt til aðgangs að gögnunum í kjölfar dóms dómstólsins frá 21. desember 2012 í máli E-14/11 *DB Schenker* gegn *ESA*, þar sem ákvörðun ESA um að synja þeim um aðgang að gögnunum var ógilt.

Dómstóllinn benti á að sú skipan sem komið hefði verið á fót samkvæmt nýjum reglum ESA um aðgang að gögnum frá árinu 2012 gerði ráð fyrir tvískiptu ferli þegar stofnunin synjaði beiðni um aðgang. Samkvæmt þeirri skipan væri það aðeins hin „staðfesta ákvörðun” ESA samkvæmt 6. mgr. 7. gr. reglnanna sem fæli í sér endanlega afstöðu stofnunarinnar til beiðni um aðgang. Þar sem félög DB Schenker hefðu ekki leitað endurskoðunar á staðfestri ákvörðun heldur einungis frumákvörðun ESA frá 7. febrúar 2012 væri málatilbúnaður þeirra ekki tækur til efnislegrar meðferðar. Var málinu því vísað frá dómi.

Úrskurðinn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal, dómurinn sjálfur gildir.